

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um lækkun kennsluskyldu í grunnskólum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 6. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Grunnskólakennarar hafa kallað eftir því að kennsluskylda verði lækkuð úr 26 tímum í 24 tíma á viku. Hvað þarf að eiga sér stað til þess að skyldan verði lækkuð sem því nemur? Hvernig er hægt að búa þannig um hnútana að slíkt verði gert? Hefur Reykjavíkurborg heimild til þess að stytta kennsluskyldu?*

#### **Svar:**

Samið er um kennsluskyldu grunnskólakennara í kjarasamningum sem gerðir eru milli Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir og Kennarasambands Íslands (KÍ) vegna Félags grunnskólakennara (FG). Reykjavíkurborg er aðili að þeim kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við FG og á fulltrúa í samninganefnd Sambandsins og einnig í samstarfsnefnd Sambandsins og KÍ vegna FG en hlutverk samstarfsnefndarinnar er að vera formlegur vettvangur samskipta samningsaðila á gildistíma kjarasamnings og fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamnings, úrskurða í ágreiningsmálum og vinna úr bókunum með kjarasamningi milli kjaraviðræðna.

Með því að gefa Sambandi íslenskra sveitarfélaga samningsumboð f.h. Reykjavíkurborgar skuldbindur borgin sig til að fara eftir þeim kjarasamningum sem samið er um hverju sinni og hefur ekki umboð til að breyta ákvæðum kjarasamnings eða túlka þau á annan hátt en gildandi kjarasamningar segja til um og/eða samstarfsnefnd sker úr um.

Í kafla 2.1.6.1 í núgildandi kjarasamningi FG er fjallað um vinnuskyldu kennara. Þar segir m.a.: *Vinnuskylda kennara í fullu starfi skal vera 40 klst. á viku til jafnaðar yfir árið. Á 37 vikna starfstíma skóla er vikuleg vinnuskylda hans 42,86 klst. Vinnutíma kennara í fullu starfi er skipt í eftirtalda þætti:*

- Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem hafa forgang í starfi kennara.
- Önnur fagleg störf.
- Starfsþróun og/eða aukinn undirbúningur.



*Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem kennari tekur að sér á hverjum tíma er að jafnaði 1.073 klst. á ári fyrir kennara í 100% starfshlutfalli sbr. tafla 1. Kennsluskylda er 26 kest. eða 17,33 klst. á viku m.v. fullt starf og 37 vikna starfstíma skóla. Undirbúningur er 11,67 klst. á viku m.v. fullt starf án kennsluafsláttar og 37 vikna starfstíma skóla.*

Í grein 2.5.1 í kjarasamningi FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að kennarar sem eru 55 ára og eldri sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslætti sem samið var um í kjarasamningum 2014 hafa 24 kennslustundir í kennsluskyldu og kennarar 60 ára og eldri sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslætti skv. sama kjarasamningi hafa 19 kennslustundir í kennsluskyldu. Í gr. 2.5.2.1 er nánar tiltekið að *kennari sem nær 55 ára aldri á skólaárinu og hefur 10 ára kennslureynslu á rétt á að minnka kennslubátt starfs síns í sem nemur 24 kest. á viku gegn því að taka að sér önnur störf við skólann eða skóla sveitarfélagsins sem nemur 2 klst. á viku umfram þann grunn sem kennarar með 26 kest. kennsluskyldu á viku ber að skila í önnur störf undir verkstjórn skólastjóra.* Í gr. 2.5.1.1 kemur fram að hámarkskennsla kennara á fyrsta starfsári í kennslu lækkar um eina kennslustund á viku.

Þetta eru þær heimildir sem Reykjavíkurborg hefur til að stytta kennsluskyldu kennara nema viðkomandi kennari taki að sér önnur störf innan skólans, s.s. verkefnastjórn, deildarstjórn eða önnur verkefni en þá getur skólastjóri samið við viðkomandi kennara um að taka að sér ofangreind störf að hluta gegn lækkun kennsluskyldu.